

Ed.

547. Frumvarp til laga

[250. mál]

um breyting á lögum nr. 84 1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

4. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeildanna, einn fulltrúi, sem tilnefndur er á almennum félagsfundi í félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Þegar kjörið er í fyrsta sinn, skal annar fulltrúinn þó kjörinn til eins árs. Háskólaritari á einnig sæti á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Kennarar Háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar, stundakennarar og erlendir sendikennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Háskólann að aðalstarfi.

Að tillögu háskólaráðs og þeirrar deildar, sem í hlut á, má þó tengja kennara-stöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans, enda sé sú tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir Háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 38. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur prófessora, dósenta og lektora. Háskólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast, sbr. nánar 1. mgr. 18. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að Háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal mælt fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskóla-stofnana.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við Háskólann og skipaðir voru fyrir gildis-töku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

18. gr. 1. málsg. orðist svo:

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfspáttu. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

5. gr.

Aftan við 2. málsg. 21. gr. komi ný málsg., er verður 3. málsg., svo hljóðandi:

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Enn fremur er háskólaráði heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi héraendis með þeim árangri, sem sú deild, er í hlut á, mælir með, að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektorsembættið vera þessum ráðstöfunum meðmælt, sbr. 3. mgr. 2. gr.

6. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé ekki völ á prófdómanda héraendis utan Háskólans, er fullnægi skilyrðum 4. málsg. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

7. gr.

31. gr. orðist svo:

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

8. gr.

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar og dósentar geta jafnframt haft starfsaðstöðu við stofnanir utan Háskólans. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Heimild til slíkra starfa má þó aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að efni til í samræmi við tillögur háskólaráðs. Veigamestu nýmælin, sem það gerir ráð fyrir, varða annars vegar kennarastöður við Háskóla Íslands, þar sem stefnt er að því að opnaðar verði greiðari leiðir til hagfellds samstarfs um sérfræðilegan vinnukraft milli háskólans og stofnana utan hans, en hins vegar er stigið skref í þá átt að rýmka nokkuð inngönguskiyrði í háskólann, þannig að menn, sem aflað hafa sér viðhlitandi undirbúningsmenntunar, þótt á annan veg sé en með stúdentsprófi, eigi þess nokkurn kost, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, að verða skráðir til náms í Háskóla Íslands

og ljúka þar prófum. Fyrir þessum atvöldum, svo og öðrum breytingum, sem í frumvarpinu felast, er gerð nánari grein í eftirfarandi athugasemdum við einstak- ar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á 1. málsg. 4. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, lýtur að því, að fulltrúar stúdenta hafi jafnlanga setu í háskólaráði og deildarforsetar og fulltrúi Félags háskólakennara. Er breyting þessi gerð að ósk stúdenta og miðar að hinu sama og ákvæði gildandi laga um kjör deildarforseta, þ. e. að eigi verði skipt um menn í háskólaráði nema að hálfu í senn, og fáiast þann veg meiri festa í stjórn. Þá er og í frumvarpinu gert ráð fyrir, að fulltrúar stúdenta í háskólaráði séu kjörnir í sérstökum kosningum, en samkvæmt gildandi lögum eru þeir tilnefndir af stúdentaráði.

Um 2. gr.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 10., 11., 18. og 38. gr. gildandi háskólalaga (sjá 2., 3., 4. og 8. gr. frumvarpsins), eru hver annarri tengdar, og verður fjallað hér um þær í einu lagi. Um breytingar þessar segir m. a. svo í grein- argerð háskólarektors:

„Orsök þeirra er smæð þjóðfélagsins, sem gerir að verkum, að varla er unnt að rjúfa tengsl manna við atvinnulíf og þjóðlíf, er þeir gerast háskólakennarar, enda væri það í sjálfu sér óheppilegt. Frumvarp til fjárlaga ársins 1972, bls. 156, gerði að visu ráð fyrir eilítið breyttri skipan þessara mála í sambandi við verkfræði- og raunvísindadeild og tók þá einkum mið af kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Háskóli Íslands vill ekki fallast á, að ein deild sé tekin út úr sérstaklega, þar sem sama vandamál er þegar fyrir hendi í læknadeild í sambandi við spítalana og gæti reyndar komið fyrir í hvaða deild, sem er. Orsök in er eins og áður segir takmörkunin, sem felst í fámennu þjóðfélagi, sem nýta verður hvern þegn til hins ýtrasta. Þar við bætist, að fjárráð nægja ekki til að tvöfalda rannsóknaraðstöðu í fjölda greina. Er þjóðfélaginu nauðsyn að nýta sem bezt aðstöðu þá, sem það hefur lagt mikla fjármuni í að koma upp og reka. Nýmælin eru fólgin í því, að mögulegt verði að tengja saman kennslu við Háskóla Íslands og rannsókn- araðstöðu utan hans, er óframkvæmanlegt reynist að koma upp rannsóknaraðstöðu innan hans. Það er engan veginn ætlunin, að Háskóli Íslands yfirtaki þær rannsóknarstofnanir, sem fyrir eru, eða taki ráðin af forstjórum þeirra. Jafnræði verður að vera um samkomulag um framkvæmd á þann veg, að samningar fari fram hverju sinni milli Háskóla Íslands og stofnunar. Hins vegar getur Háskóli Íslands ekki fallið frá almennum reglum sínum um hæfismat kennarans, sem fer fram samkvæmt því stöðuheiti, sem kennaranum er ætlað innan Háskólans. Hins vegar getur og komið fyrir að greiða þurfi stofnun vegna vinnutaps þess sem hún verður fyrir, er starfsmaður hennar kennir jafnframt við Háskólann, enda mun aðalreglan verða sú, að eigi komi til tvígreiðslna. Jafnframt er gert ráð fyrir, að flytja megi kennara úr lægra starfsflokki í æðra, sbr. tillöguna um nýja málsgrein við 11. gr. Þar að auki má benda á 1. mgr. 12. gr., sem beita megi, þótt eigi hafi komið til, t. d. um prófessorsembætti. Orðalagsbreyting í 18. gr., þegar lagt er til, að „starfs- skylda“ komi í stað „kennsluskylda“, höfðar að því, að starf háskólakennara er meira en kennsla ein. Rannsóknarskylda og stjórnunarskylda eru og mikils verðir þættir, og er sú siðarnefnda skylda ærið þungur baggi á mörgum kennurum. Í heild miða tillögur háskólaráðs að því að tengja Háskóla Íslands við rannsókn- arstofnanir þjóðarinnar og verður að fá lagaheimild til þess. Um mörg framkvæmda- atriði verður að setja reglugerðarákvæði eftir því sem reynslan kennir“.

Um 3. og 4. gr.

Sjá aths. við 2. gr.

Um 5. gr.

Um breyting þá, sem lagt er til, að gerð verði á 21. gr. laganna, er fjallar m. a. um inngönguskilyrði í Háskóla Íslands, segir á þessa leið í greinargerð háskólarektors: „Þegar lagt er til, að nýrri málsgrein sé bætt í 21. gr., er um mikilsvert nýmæli að ræða. Annars vegar er það afleiðing af 11. gr. laga nr. 12/1970 og 50. gr. reglugerðar nr. 12/1971, um menntaskóla, sbr. 5. tölulið 26. gr. téðra laga. Hins vegar eru nú starfandi ýmsir sérskólar svo sem Tækniskóli Íslands, er veita mjög hliðstæða menntun og menntaskólarnir nú og próf frá þeim mjög sambærileg við stúdentspróf. Á það má benda, að háskólaráð hefur þegar heimilað reynslunám tveggja, er útskrifazt hafa með ágætiseinkunn úr Tækniskóla Íslands, en lagaheimild skortir til þess að þeir geti fengið próf sín við verkfræði- og raunvísindadeild viðurkennd. Erlendar hliðstæður er t. d. að finna í Bretlandi og á Norðurlöndum. Heimildarákvæðið er réttmætt og réttlátt, því stúdentsprófið eiginlega er að taka á sig svo margbreytilegar myndir, að það er eigi lengur sambærilegt við það, sem áður var. Hins vegar er það eigi ætlunin að opna allar dyr, heldur einungis að skapa einstaklingum, er lokið hafa ákveðnu sérnámi, möguleika til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, eftir að nám þeirra og námsárangur hefur verið metið af háskóladeild, háskólaráði og rektor. Í því sambandi skal tekið fram, að þegar er vísur að þessari framkvæmd í 2. mgr. 21. gr., er rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, er lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf, og hefur því ákvæði verið beitt. En þar við bætist, að Ísland er aðili að samningi milli þjóða Evrópuráðsins, er mælir svo fyrir, að lokapróf er veittir rétt til inngöngu í háskóla eins aðildarríkis, veittir sama rétt innan annarra aðildarríkja með ákveðnum takmörkunum þó, sé um lokaðar deildir að ræða (numerus clausus). Verður því að viðurkenna rétt Íslendinga til skrásetningar, hafi hann lokið írsku fullnaðarprófi, sem veittir rétt til inngöngu við írsku háskóla. Og er þegar komið fram eitt dæmi þess. Annað dæmi er fullnaðarpróf Íslendinga í Belgíu. Háskólaráð er einhuga um, að heimildarákvæðið um viðurkenningu innlendra sérhæfðra prófa verði lögfest“.

Um 6. gr.

Í greinargerð háskólarektors segir á þessa leið: „Málsgreinin, sem lagt er til, að bætt verði við 29. gr., er nauðsynleg af þeirri ástæðu, að þegar hefur komið fram, að eigi hafi verið unnt að fullnægja að öllu leyti ákvæði reglugerðar um, að háskóladeild tilnefni tvöfalt fleiri menn en skipa á prófdómara, og horfa verður í augu þeirrar staðreyndar, að í sumum greinum er eigi unnt að finna hæfan prófdómara hérlendis utan Háskóla Íslands vegna smæðar þjóðfélagsins. Því er undantekningarákvæði þetta brýn nauðsyn.“

Um 7. gr.

Breytingin er í því fölgín, að í stað kröfu gildandi laga um einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna við ákvörðun um veiting doktorsnafnbótar í heiðurs skyni er hér kveðið á um samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæðisbærra deildarmanna. Um breyting þá, sem hér er um að tefla, segir háskólarektor m. a. í greinargerð sinni, að hún sé „til komin vegna ört vaxandi fjölda kennara, er setu eiga og atkvæðisrétt á deildarfundum, sbr. 14. gr. laga, og er hann þegar orðinn á þriðja og fjórða tug í stærstu deildunum. Þykir því ekki rétt, að stakur kennari geti með neitunarvaldi komið í veg fyrir framgang máls, er ákveðinn meirihluti styður.“

Um 8. gr.

Sjá aths. við 2. gr.

Um 9. gr.

Parfnast ekki skýringar.